



Dagsetning: 21. október 2022
Málsnúmer: 2210161/0.4.0

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Opinber heimsókn forsetahjónanna til Fjarðabyggðar í 22. – 24. nóvember 2022.

Í september hafði skrifstofa forseta Íslands samband við Fjarðabyggð og vildi hefja undirbúning að opinberri heimsókn forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar, og frú Elizu Reid til Fjarðabyggðar. Forstöðumaður stjórnsýslu- og upplýsingamála hefur síðan verið í viðræðum við embættið um þetta mál, og fundið út úr dagsetningum sem henta og unnið drög að dagskrá í samráði við embættið og forsetahjónin. **Staðfesting á dagsetningum liggur nú fyrir og forsetahjónin munu heimsækja Fjarðabyggð dagana 22. – 24. nóvember 2022.**

Drög að dagskrá hafa verið unnin í samráði við embættið, og borin undir forsetahjónin sem lýst vel á þau. Í dagskránni er lögð áhersla á að heimsækja alla byggðakjarna, og reyna að hafa dagskrána eins fjölbreytta og völ er á. Drög að dagskránni eru aðgengileg undir málinu. Rétt er að hafa í huga að um er að ræða drög og ekki er búið að ræða við fyrirtæki og stofnanir sem þar eru nefnd.

Nú þegar staðfesting liggur á dagsetningum heimsóknarinnar getur undirbúningur hafist af fullum krafti. Þar er ljóst að í mörg horn er að líta og vanda þarf vel til verka. Það er mín tillaga að forstöðumaður stjórnsýslu- og upplýsingamála ásamt upplýsingafulltrúa að hafa yfirumsjón með undirbúningi og framkvæmd heimsóknarinnar í. Þeir munu síðan hafa samráð við aðra starfsmenn og stofnanir Fjarðabyggðar eftir þörfum, en ljóst er að undirbúningurinn snertir marga fleti í rekstri sveitarfélagsins og margir sem munu komu þar að.



Þórður Vilberg Guðmundsson
forstöðumaður stjórnsýslu- og upplýsingamála